

Ed.

524. Frumvarp til laga

[273. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1978, um ónæmisáðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Við lögina bætist ný gr. er verði 12. gr. og orðist svo:

Innflutningur og notkun á lifandi smitefnum (bakteríum, veirum, sveppum, sníkjudýrum og „lifandi“ ónæmisefnum) sem valdið geta sjúkdómum eða sýkingu í mönnum, dýrum og fiskum, er óheimil.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. mæli ríkar ástæður með skv. sérstakri umsókn opinberra rannsóknastofnana. Í umsókn skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um notkun, framleiðslu, meðferð, gerð íláta, merkingu íláta, geymslu,

varúðarráðstafanir og eyðingu efnanna. Heilbrigðisráðherra getur sett sem skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa sé um að ræða tilraunir, að viðkomandi kaupi váttryggingu er nái yfir allan hugsanlegan skaða. Leyfi til innflutnings og notkunar skv. þessari grein á efnunum, er valdið geta sjúkdómum eða sýkingu í dýrum eða fiskum, er og háð samþykki landbúnaðarráðherra.

Áður en leyfi er veitt skv. þessari grein skal ávallt leita umsagnar landlæknis eða yfirdýralæknis, eftir því sem við á hverju sinni.

2. gr.

12. gr. verði 13. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af starfsmönnum heilbrigðisráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins að höfðu samráði við landlækni og yfirdýralækni. Þar sem frv. er flutt sem breyting á lögum nr. 38/1978 um ónæmisadgerðir, er frv. borið fram af heilbrigðisráðherra.

Í lögum er hvergi að finna ákvæði um innflutning af því tagi, sem hér um ræðir. Ýmis ákvæði gilda þó um sóttvarnir, sem mið taka af því að til landsins berist ekki sóttir, bæði manna og dýra. Þessum ákvæðum er ætlað að hamla gegn útbreiðslu hættulegra smitsjúkdóma, eða að koma í veg fyrir að þeir berist til landsins. Allir þekkja ýmiss konar hömlur á innflutningi, sem lagðar eru á vegna þess, sem að ofan greinir, og að fólki er ráðlagt að sniðganga landsvæði, ef þar er vitað um alvarlegar farsóttir. Ónæmisadgerðum er beitt, ef fólk þarf að ferðast um land, þar sem sóttir ýmiss konar eru landlægar. Allt þjónar þetta þeim tilgangi að vernda viðkomandi og jafnframt að koma í veg fyrir að sjúkdómar berist til landsins.

Ef lítið er til ofanritaðs sést bersýnilega, að ekki er samræmi á hlutunum. Engin ákvæði eru um innflutning á lifandi smitefnum hér á landi, þótt slík lagaákvæði sé að finna í grannlöndum. Það sem eflaust hefur valdið því að hér hefur lítið verið aðhafst er sú staðreynd, að fáir aðilar hér á landi hafa áhuga og aðstöðu til þess að vinna með lifandi smitefni í tilraunum eða við framleiðslu ónæmisefna. Þess vegna hefur yfirsýn verið tiltölulega auðveld. Nú fjölgar hins vegar óðum því fólki, sem fengið hefur skólun í örverufræði og kynni því að hafa áhuga á að vinna við störf, þar sem t. d. innflutt smitefni eru nauðsynleg. Það gefur því auga leið að nokkurt aðhald er orðið nauðsynlegt í þessum efnunum.

Til þess að koma þessum málum í viðunandi horf, er talið rétt að setja í lög ákvæði, sem banna slíkan innflutning, nema samkv. sérstakri heimild ráðherra og þá eingöngu í þeim tilvikum þar sem í hlut eiga opinberar rannsóknastofnanir. Gera verður strangar kröfur varðandi upplýsingaöflun og alla þá þætti, er snerta innflutning og notkun. Ennfremur verða að vera ákvæði, er heimila ráðherra að setja skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa, sé um tilraunir að ræða, þ. e. a. s. að keypt sé váttrygging vegna hugsanlegs skaða.

Á síðari árum hefur mjög færst í vöxt notkun svokallaðra lifandi ónæmisefna, ekki síst í vissum greinum búfjárræktar. Vandí fylgir notkun flestra ónæmisefna, þannig að vanda verður vel til vals þeirra og notkunar og er því þörf á traustu eftirliti. Hvað snertir innflutninginn sem slíkan, færi hann fram á vegum Lyfjaeftirlits ríkisins eins og ónæmislög gera ráð fyrir.

Yfirdýralæknir hefur lagt á það áherslu að sett yrðu í lög ákvæði sem þessi og hafa Landlæknisembættið, Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum og Veirurannsóknastofa Háskóla Íslands látið í ljós sama álit.

Ráðuneytin telja ekki rétt að segja fyrir um þessi mál í sérstökum lögum, heldur er hér lagt til að bætt verði inn einni grein í lög um ónæmissaðgerðir nr. 38/1978, enda hér um náskyldan málaflokk að ræða og smitefni oft notuð í tilraunum eða við framleiðslu ónæmisefna.